

**Ed.**

## **179. Frumvarp til laga**

um stríðsgróðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

### **1. gr.**

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 50000—75000 kr., greiðist 4% af því, sem er umfram 50000 kr.

Af 75000—100000 kr. greiðist	1000 kr. af	75000 kr. og 10 % af afganginum		
— 100000—125000 — —	3500 — —	100000 — —	15 — —	—
— 125000—150000 — —	7250 — —	125000 — —	20 — —	—
— 150000—175000 — —	12250 — —	150000 — —	25 — —	—
— 175000—200000 — —	18500 — —	175000 — —	30 — —	—
— 200000 og þar yfir —	26000 — —	200000 — —	35 — —	—

### **2. gr.**

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur, og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 40% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærrí fjárhæð en nemur 25% af niðurjöfnuðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til fraukvæmda við álagningu skatta á árinu 1941, miðað við tekjur ársins 1940.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt af fjárhagsnefnd í sambandi við frumvarp það, sem nefndin flytur um breytingu á skattalögunum, og flytur nefndin það með sömu fyrirvörum sem þar eru greindir. Einstakar greinar frumvarpsins munu ekki þurfa skýringar.